



Reykjavíkurborg  
Skóla- og frístundasvið



## Leikskólinn Stakkaborg

2019 – 2020



*Gleði – Hreyfing - Vinátta*

### **Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:**

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

# 1 Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans: Gleði – Hreyfing - Vinátta .....	3
2 Greinargerð leikskólastjóra .....	3
3 Innra mat allra deilda. ....	5
2.1 Stutt greinargerð deildarstjóra Kattholts um starfið á síðasta ári.....	7
2.2 Stutt greinargerð deildarstjóra Undralands um starfið á síðasta ári.....	9
2.3 Stutt greinargerð deildarstjóra Sjónarhóls um starfið á síðasta ári. ....	11
3. Ytra mat .....	13
3.1 Umbótaráætlun næsta skólaárs: .....	16
4. Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	19
5. Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	20
6. Foreldrasamvinna.....	20
7. Skipulagsdagar og leikskóladagatal .....	21
8. Fylgigögn.....	22
Fylgiskjal 1 .....	23
Fylgiskjal 2 .....	25
Fylgiskjal 3 .....	27
Fylgiskjal 4 .....	30
Fylgiskjal 5 .....	33



## Leiðarljós leikskólans: Gleði – Hreyfing - Vinátta

### 2 Greinargerð leikskólastjóra

Það sem einkenndi helst starfið síðasta vetur var fækkun í barnahópnum en fyrrum leikskólastjóri tók ákvörðun um að hafa einungis 60 börn síðasta vetur. Það mikil áhrif að hafa færri börn í leikskólanum en gert er ráð fyrir en veikindi barna og starfsfólks voru mun minni en undanfarin ár. Það voru 14 börn á yngstu deild og færri í stóra húsinu en áður. Þessi fækkun hafði veruleg áhrif á rými barnanna og hávaða. Aðlögun gekk vel og var hægt að standa við allar dagsetningar sem gefnar höfðu verið í sambandi við inntöku nýrra barna. Við þurftum aldrei að senda börn heim vegna manneklu og er það vegna samhents starfsmannahóps sem var tilbúinn að taka auka vinnu á sig.

Mannauður:

Starfsmannahald gekk vel en í ár vann samheldinn hópur starfsmanna í leikskólanum. Sérkennslustjóri hóf störf í upphafi skólaárs en fór í barneignafri fljótlega. Afleysing var ráðin í hennar stöðu og mun sá starfsmaður gegna áfram þeirri stöðu næsta vetur. Sérkennslan gekk vel en fá börn voru með stuðningstíma og tvítyngi lítið. Í mars 2019 lét Ólafía af störfum sem leikskólastjóri og var Jónína Einarsdóttir ráðin inn í hennar stað. Það gekk vel að koma inn í þennan samheldna og góða starfsmannahóp og vel tekið á móti nýjum stjórnanda. Móttökur leikskólastjóra bæði hvað varðar svið Skóla- og frístundasvið sem og annara leikskólastjóra hafa verið til fyrirmyndir. Gott er að leita eftir aðstoð og áberandi hve vel öllum fyrirspurnum nýs leikskólastjóra er svarað.

Vinátta verkefni Barnaheilla:

Verkefnið var tekið inn í leikskólann í elstu þrjá árgangana síðasta vetur. Starfsmenn fengu kynningu á verkefninu og 2 starfsmenn sóttu námskeið í því verkefni. Skólinn keypti verkefnatöskur og mun taka inn efni fyrir yngri nemendur næsta vetur og efla vináttuverkefnið enn frekar.

Lubbi finnur málbein:

Áfram var unnið með Lubbi finnur málbein en með verkefninu er mál- og læsisvinna leikskólans að þróast og fagmennska að eflast.

Ýmis verkefni:

Þrír elstu árgangarnir fóru í íþróttir í íþróttahúsi HÍ og yngri börnin hér heima. Tvö dansnámskeið voru eins og venjulega og lauk þeim með sýningu í apríl. Mörg verkefni tengd útikennslu voru unnin, farið á bókasafnið o.fl. Elstu börnin tók þátt í samstarfi við Tónskóla Sigursveins sem lauk með tónleikum í Hörpu sem liður í Barnamenningarhátíð. Árgangar 2014 og 2015 árgangarnir héldu sýningu fyrir foreldra á Karnival dýranna í garðinum nú í sumar og gekk vel. Sveitaferðin fór fram 13. maí, var mjög



góð mæting hjá foreldrum og allir glaðir með ferðina. Sumarhátíð leikskólans fór fram 13. júní og sá foreldrafélagið um þann viðburð. Útskrift elstu barna var í byrjum júní og útskriftarferð var farin í Viðey.

Fræðsla starfsmanna:

Skipulagsdagar voru vel nýttir, m.a. í ferð á Selfoss þar sem starfsmenn fengu kynningu á leikskóla. Fengum erindi frá Rannung en leikskólinn er þátttakandi í verkefni á vegum Rannung og Reykjavíkurborgar. Barnaheill kom með kynningu á Vináttu verkefni fyrir starfsmannahópinn. Tveir starfsmenn sóttur námskeið hjá Barnaheill í verkefninu Vináttu. Tveir starfsmenn sóttu námskeið á vegum Miðju máls og læsis um Lærdómssamfélagið. Einn starfsmaður sótti námskeið í leikskólabró hjá Eflingu og einn starfsmaður fagnámskeið Eflingar. Einn deildarstjóri fór í Leiðtogaskólann í fræðslu um hlutverk sitt sem leiðtogi. Ráðstefna SFS var í febrúar, allur starfshópurinn fór á hana. Saga Stephensen kom með erindi um Fjölmenningu með því var verið að huga að heimamenningu nemenda og hvernig við getum enn frekar dregið hana inn í leikskólaumhverfið. Starfsmenn fengu kynningu um hegðunarmiðuð spjöld frá Margréti Björk Jóhannesdóttur leikskólastjóra í Baugi. Kynningu frá UTD deild Reykjavíkurborgar á nýju sameigninni. Sérkennslustjóri og starfsmenn í sérkennslu sóttu námskeið á vegum Greiningarstöðvar.

Bættar starfsaðstæður hafa verið í umræðunni undanfarið. Innan Stakkaborgar er það rými leikskólans sem veldur mestu álagi, en allt starfsmannarými er of lítið. Næsta vetur stefnum við á að festa betur niður undirbúningstíma starfsfólks og er sú vinna langt komin fyrir veturinn. Með undirbúning ná starfsmenn að sinna betur faglegri vinnu og koma ánægðari og betur undirbúnir í starfið með börnunum.



### 3 Innra mat allra deilda.

Deildir leikskólans eru þrjár, Kattholt þar sem elstu tveir árgangarnir eru, Undraland þar dvelja börn 2-4 ára og Sjónarhóll sem er yngsta deildin. Sjónarhóll hefur verið að taka inn börn síðasta ár frá eins árs aldri. Stakkaborg er ekki skilgreindur ungbarnaleikskóli en nú næsta vetur verða börnin aðeins eldri sem koma inn eða í kringum 16-18 mánaða.

Í maí 2018 fór fram ytra mat leikskólans sem var framkvæmt af SFS og var í kjölfar þess gerð umbótaáætlun. Nú í ár höldum við áfram að vinna með umbótaráætlunina sem gerð var þá. Með áætlun síðasta árs var gerð umbótaáætlun þar sem komið var inn á nokkra þætti sem við viljum bæta en tókst ekki að ljúka þeirri vinnu á síðasta ári. Þessi matskýrsla hafði áhrif á margt í skólastarfi vetrarins. Fram kom í Ytra mati SFS að gera einkunnarorð leikskólans sýnilegri en það hefur verið unnið með á öllum deildum í vetur, en áfram verður unnið með til að festa þau enn frekar í sessi. Bent var á að skráningar þarf að auka og það ferli er að fara enn frekar í gang næsta vetur með ferilmöppunum sem við höfum tekið í notkun. Að vinna með heimamenningu barnanna kom einnig fram í skýrslunni og þegar hefur sú vinna farið af stað eins og kemur fram hjá deildarstjórum hér á eftir. Starfsmenn eru ánægðir með þá vinnu og nú í júní fengum við meiri fræðslu og hugmyndavinnu varðandi þann þátt á starfsdegi. Stefna leikskólans var ekki nógu sýnileg að mati matsaðila. Það teljum við vera mikilvægt verkefni næsta vetrar en þá er ætlunin að dýpka tvo þætti Menntastefnu Reykjavíkurborgar þ.e. sköpun og félagsfærni. Við vinnum með alla þætti menntastefnunnar en drögum enn frekar þessa þætti fram næsta vetur. Til að meta hvort það starf sé að skila sér verða Gátlistar menntastefnunnar nýttir til að skoða hvernig gengur að vinna eftir þessum þáttum. Við teljum mikilvægt að taka þá gátlista amk tvisvar til þrisvar yfir skólaárið til að sjá hvort að við séum að vinna að þessum þáttum. Munum hefja skólarárið á því að fara yfir listana um Félagsfærni og Sköpun á hverri deild og síðan vinna með þá yfir veturinn. Til að meta allt starfið verða allir listarnir nýttir og skoðuð staðan á menntastefnunni út frá því innan leikskólans.

Stefnum við á að auka innra mat leikskólans og í því samhengi verður unnið að gerð sjálfsmats fyrir deildarstjóra sem hefur það að markmiði að efla þá í starfi. Með því að ígrunda starfið og setja sér markmið sem deildarstjórar ná þeir sem stjórnendur aukinni færni í krefjandi starfi. Deildarstjórar þurfa að fá tækifæri til að efla sig sem stjórnendur og verður það haft í huga þegar leitað verður eftir námskeiðum fyrir þá starfsmenn. Rannung verkefni næsta vetrar á að koma inn á þennan þátt en þar er verið að leitast við að efla deildarstjóra í starfi í þáttum menntastefnunnar.



## Langtíma matsáætlun 2019 - 2022

Viðfangsefni	2018-2019	2019-2020	2020-2021	2021-2022
<b>Stjórnun</b>				
Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi	x		x	
Stjórnun leikskólans og daglegur rekstur	x	x	x	x
Faglegt samstarf	x		x	
Leikskólaþróun og starfsþróun	x		x	
Skólanámskrá, starfsáætlun, áætlanir og verklagsreglur	x	x	x	x
<b>Uppeldis- og menntastarf</b>				
Skipulag náms og námsaðstæður	x	x	x	x
Uppeldi, menntun og starfshættir	x	x	x	x
Leikur og nám, lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna		x		x
Námsvið leikskólans		x		x
Leikskóli án aðgreiningar		x		x
Mat á námi og velferð barna	x	x	x	x
<b>Mannauður</b>				
Hlutverk leikskólakennara		x		x
Fagmennska starfsfólks	x	x	x	x
Starfsánægja	x	x	x	x
<b>Leikskólabragur</b>				
Viðmót og menning	x		x	
Velferð og líðan barna	x	x	x	x
Þátttaka foreldra í leikskólastarfi og upplýsingamiðlun	x	x	x	x
Viðhorf foreldra		x		x
<b>Innra mat</b>				
Framkvæmd		x		x
Gagnaöflun og vinnubrögð		x		x
Opinber birting og umbætur		x		x



## 2.1 Stutt greinargerð deildarstjóra Kattholts um starfið á síðasta ári.

Starfið á deildinni gekk mjög vel í vetur. Eitt af okkar helstu áherslum er að styðja við sjálfstæði barnanna í daglegu starfi með því að virkja áhuga þeirra og reyna að framkvæma það sem þau biðja um. Við leggjum einnig mikla áherslu á frjálsan leik barnanna og flæði um húsið, einnig að vera til staðar fyrir þau eftir þörfum. Ekkert þema var í vetur hjá okkur heldur unnum við með þann efnivið sem börnin höfðu mest áhuga á eins og sögugerð, stærðfræði, stafina, teikningar og að byggja úr kubbum.

Unnið var markvisst með námsefnið Lubbi finnur málbeinið. Þar sem tveir stafir voru teknir fyrir í viku og unnið með verkefni í kringum það.

Við byrjuðum að vinna með Vináttu verkefni Barnaheilla eftir áramótin. Þar sem við lögðum mikla áherslu á samskipti þeirra á milli eins og hvernig þau ættu að koma fram við hvort annað. Hjálpuðum þeim að skilgreina hvað er vinátta. Eftir áramót byrjuðum við einnig að vinna með heimamenningu þar sem við komum upp „Stjörnu vikunnar“ sem krafðist þess að gott samtarf væri á milli foreldra og starfsfólks, þátttakan var góð, skemmtilegt verkefni sem á eftir að þróast meira og festast í sessi hjá okkur. Gerðum nokkur samvinnu verkefni með elsta hópnum þar sem börnin þurftu að koma sé saman um hvernig verkefnið væri unnið.

Elstu börnin unni einnig að gerð stuttmyndar þar sem þau gerðu handritið, búninga og svo var myndin tekin upp og sýnd foreldrum á útskriftardaginn þeirra.

Starfsmannahald hefur verið gott á Kattholti í vetur. Litlar fjarvistir voru í vetur vegna veikinda. Deildarstjóri var aðeins fjarverandi vegna funda hjá Félagi leikskólakennara. Foreldrasamstarf hefur verið gott. Mikil og góð dagleg samskipti eru á deildinni svo og foreldraviðtöl tvisvar sinnum yfir veturinn og voru þau vel sótt.

Eitt að föstu verkefnum okkar eru Skilaboðaskjóðan sem er samstarfsverkefni okkar, Nóaborgar, Klambra og 1. bekkjar Háteigsskóla. Við hittumst reglulega yfir skólaárið annað hvort allir saman eða hittumst einn og einn skóli hjá hvor öðrum. Farið var reglulega á bókasafnið eða einu sinni í viku. Börnin fóru í leikhús og skoðuðu söfnin í borginni. Leikfimi var hjá okkur 1 x í viku og dans var í boði bæði fyrir ármót og eftir áramót sem endaði með danssýningu fyrir foreldra og ættingja. Börnin ákváðu að fara í útskriftaferð til Viðeyjar og eyða deginum þar og fengu þau að ráða hvað þau tækju með sér að borða og hvað yrði gert þar. Á hverju ári í nokkur ár höfum við tekið þátt í samstarfsverkefni með Tónskóla Sigursveins ásamt mörgum öðrum leikskólum borgarinnar. Þar sem tekið er fyrir lög eftir ákveðið tónskáld, þau svo flutt fyrir fullum sal í Hörpunni á opnun Barnamenningarhátíðar. Það er barnanna hverju sinni að ákveða hvort þau vilja taka þátt eða ekki.



Umbótaþættir Kattholt	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma áætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
<b>Hvað þarf að bæta?</b>	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmu m við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð? Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
<b>Skráningar á námi barna</b>	Gera þær markvissari, sýnilegri á deildum og leiðbeina starfsfólki við að gera skráninga og safna gögnum	Við veljum ákveðna þætti sem við ætlum að skrá. Starfsfólk fær leiðbeiningar Hluti skráninga verði sýnilegur á deildunum	Haust 2019 Vor 2020	Deildarstjóri Allt starfsfólk	Deildarstjórafundir, deildarfundir skipulagsdag könnun hjá starfsfólki og börnum	Að skráningar séu reglulegar og markvissar. Þannig að þær nýttist til að gera styrkleika, áhuga og getu barnanna sýnilega
<b>Heimamenning barnanna</b>	Að heimamenning verði sýnilegri á deildunum	Virkja alla foreldra til samstarfs um heimamenningu barna þeirra	Jan 2019 Vor 2020	Deildarstjóri Allt starfsfólk	Deildarstjórafundir, deildarfundir skipulagsdag könnun hjá starfsfólki og börnum	Markvisst sé unnið með heimamenningu yfir árið á öllum deildum
<b>Fá fram raddir barna sem ekki hafa gott vald á íslenskri tungu</b>	Börnin geti tjáð skoðanir sínar og vilja eins og hin börnin	Setja allt fram á myndrænan hátt	Haust 2018 Vor 2020	Deildarstjóri Allt starfsfólk	Deildafundir og skipulagsdagar	Að börnin fái tæki í hendurnar til að geta tjáð langanir og þarfir á auðveldan hátt
<b>Ritmál</b>	Gera ritmálið sýnilegra á deildinni	Bækur aðgengilegar Lestur, allt merkt	Haust 2018 Vor 2020	Allt starfsfólk, deildastjóri	Deildafundir og skipulagsdagar	Sýnilegt ritmál í skólanum er fyrsta skrefið í að sýna börnunum að ritmálið leiðir til orða og smátt og smátt læra börnin að öll hafa þau einhverja merkinu





## 2.2 Stutt greinargerð deildarstjóra Undralands um starfið á síðasta ári.

Starfið í vetur hefur gengið mjög. Seinni part vetrar urðu breytingar hjá okkar góða starfsfólki. Tveir starfsmenn hættu, annar flutti erlendis og hinn fór á vit ævintýrana erlendis. En frábærir starfsmenn voru fyrir og svo kom einn úr fæðingarorlofi eftir áramót.

Það urðu miklar breytingar á aldri barnanna frá því sem áður var. Yngstu börnin voru ekki orðin tveggja ára þegar þau hófu leikskóladvölinu. Börnin voru níu fædd 2015 og tólf fædd 2016. Starfið á deildinni breyttist þar afleiðandi miðað við aldurinn. Einnig þurftum við að gera smá breytingar á skipulaginu á húsnaðinu og námsefni. Vegna breyttrar aldursamsetningar barnanna breyttist flæðið milli deilda og varð ekki eins markvisst eins og undanfarin ár. Eldri hópurinn borðaði þó á elstu deildinni og fór í hvíld þar. Einnig voru starfsmenn duglegir að fara með börnin á elstu deildinni og nýta húsnaðið þar þegar að eldri börnin voru ekki inni.

Yngri hópurinn voru öll ný börn í leikskólanum og tók nokkurn tíma að hrista hópinn saman. Frjálsi leikurinn er okkar aðalkennsluáferð og mikil áhersla lögð á að börnin fái að njóta, skapa og uppgötva. Fyrir áramótin var lögð mikil áhersla á könnunarleikinn hjá yngri hópnum og námsefnið Lubbi finnur málbein tekið inn samhliða því.

Hjá eldri hópnum var meiri áhersla lögð á Lubbi finnur málbein og voru börnin mjög áhugasöm, vildu ekki missa úr degi enda mikil áhersla lögð á að allt fari fram í gegnum leik og aftur leik. Eldri hópurinn fór einnig 1x í viku í íþróttahús HÍ með Kattholtsbörnunum. Þau fengu líka að fara með á bókasafnið í Kringlunni ef að skólahópurinn var upptekin og nýtti ekki sinn tíma í bókasafninu.

Eftir áramót byrjuðum við að vinna með heimamenningu þar sem við komum upp „Stjörnu vikunnar“ sem krafðist þess að gott samtarf væri á milli foreldra og starfsfólks, þátttakan var góð, skemmtilegt verkefni sem á eftir að þróast meira og festast í sessi hjá okkur.

Við tókum inn Vináttuverkefni Barnaheilla þar sem verið var að leggja áherslu á vináttu milli barnanna og samskipti. Verkefnið tekur vel á þátttöku barnanna í félagslegum samskiptum og með því kennum við börnunum umburðarlyndi, vináttu, umhyggju og hugrekki.

Foreldraviðtöl voru 2x yfir veturinn og gengu þau vel og góð mæting. Dagleg samskipti við foreldra í fataklefa eru einnig vel nýtt og samstarf og samskipti við foreldra með ágætum.

Það voru mjög lítil veikindi hjá börnunum og starfsfólki í vetur og tel ég eina af ástæðunum vera sú að barnahópurinn var minni en undanfarin ár, og því hávaði og áreiti innan hópsins minna og öllum líður betur.



Umbótaþættir Undraland	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
<b>Hvað þarf að bæta?</b>	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmu m við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð? Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
<b>Skráningar á námi barna</b>	Gera þær markvissari, sýnilegri á deildum og leiðbeina starfsfólki við að gera skráninga og safna gögnum	Við veljum ákveðna þætti sem við ætlum að skrá. Starfsfólk fær leiðbeiningar Hluti skráninga verði sýnilegur á deildunum	Haust 2019 Vor 2021	Deildarstjóri í Allt starfsfólk	Deildarstjórafundir, deildarfundir skipulagsdag könnun hjá starfsfólki og börnum	Að skráningar séu reglulegar og markvissar. Þannig að þær nýttist til að gera styrkleika, áhuga og getu barnanna sýnilega
<b>Heimamenning barnanna</b>	Að heimamenning verði sýnilegri á deildunum	Virkja alla foreldra til samstarfs um heimamenningu barna þeirra	Jan 2019 Vor 2020	Deildarstjóri í Allt starfsfólk	Deildarstjórafundir, deildarfundir skipulagsdag könnun hjá starfsfólki og börnum	Markvisst sé unnið með heimamenningu yfir árið á öllum deildum
<b>Fá fram raddir barna sem ekki hafa gott vald á íslenskri tungu</b>	Börnin geti tjáð skoðanir sínar og vilja eins og hin börnin	Setja allt fram á myndrænan hátt	Haust 2019 Vor 2020	Deildastjóri Starfsfólk deildarinnar	Deildafundir og skipulagsdagur	Að börnin fái tæki í hendurnar til að geta tjáð langanir og þarfir á einfaldan hátt
<b>Samstarf og samábyrgð starfsfólks sýnileg</b>	Að þetta starfsmannahóp inn og samkennd og starfsfólk fái meiri ábyrgð	Skipulagðra starf, örari deildafundir, og allt starfsfólk fær undirbúnings tíma	Sept 2018 Vor 2020	Deildastjóri Starfsfólk deildarinnar	Deildafundir, skipulags dagar	Allt starfsfólk veit nákvæmlega hvað það á að gera, allir hafa sitt skýra hlutverk



### 2.3 Stutt greinargerð deildarstjóra Sjónarhóls um starfið á síðasta ári.

Aðlögunin í haust gekk mjög vel, við vorum að taka á móti mun yngri börnum en árinu áður. Alls vorum við með 13 börn, af þeim voru 4 börn fædd árið 2016 og restin af hópnum 2017. Hópnum var skipt í tvennt eftir aldri (eldri og yngri hóp) tveir starfsmenn með hvorn hóp fyrir sig. Við ákváðum að prófa að skipta eftir hvern mánuð um hvaða starfsmenn unnu saman og einnig breyta um hvaða hóp starfsmenn væru að vinna með eftir hvern mánuð. Það var samhljómur með öllum starfsmönnum að það væri mun betra þar sem þá fá þau að kynnast öllum börnunum jafnvel og mun meiri fjölbreytileiki þannig að við héldum því skipulagi áfram.

Um haustið byrjuðum við að vinna markvisst með Lubbi finnur málbein, þar tókum við 1 staf í einu sem við unnum með í tvær vikur. Börnin tóku mjög vel undir þetta verkefni og voru fljót að tileinka sér hljóðin. Mjög góður og augljós árangur er með notkun á Lubbi finnur málbein og munum við halda því áfram. Könnunarleikurinn var einu sinni í viku þar sem nákvæm skráning var gerð á athöfnum barnanna, þar sem þau eiga líka að vera ótrufluð meðan þau uppgötvi efniviðinn og umhverfið sitt á sínum forsendum.

Eftir áramót byrjuðum við að vinna með heimamenningu þar sem við komum upp „Stjörnu vikunnar“ sem krafðist þess að gott samtarf væri á milli foreldra og starfsfólks, þátttakan var góð, skemmtilegt verkefni sem á eftir að þróast meira og festast í sessi hjá okkur.

Þegar líða fór aðeins á árið byrjuðum við í samvinnu með Undralandi, þar sem eldri hópurinn fór í íþróttir með þeim einu sinn í viku og skiptumst á að fara á milli deilda þar sem góðum klukkutíma var varið saman í ýmsum leik. Þetta gerum við svo þau fái að kynnast starfsfólki og börnum sem auðveldar þeim að aðlagast þegar þau fara á næsta stig sem er Undraland.

Í heildina hefur starfið í vetur gengið mjög vel fyrir sig. Einn starfsmaður hætti óvænt í uppafi vegna veikinda, en það leystist fljótt og vel úr því. Starfsmannahaldið hefur verið mjög gott yfir veturinn, sami kjarninn allan tímann fyrir utan það að það þurfti að koma inn nýr starfsmaður til að leysa hana sem þurfti skyndilega að hætta vegna veikinda og einnig leysa eina af í 2 mánuði þar sem ein fór aðeins að kanna heiminn. Frekar lítið var um veikindi hjá starfsmönnum og börnum. Deildarstjóri var fjarverandi 5 þriðjudaga fyrir hádegi þar sem hún sótti í námskeið sem ber heitið Leiðtogaskólinn, sem var virkilega gagnlegur. Mikil og góð samskipti voru við foreldra, sérstaklega þegar komið var að sækja börnin. Starfsfólk duglegt við að segja frá deginum. Foreldraviðtöl voru tvisvar yfir veturinn og gengu mjög vel, þar kom fram mikil ánægja foreldra með starfið og líðan barnanna í leikskólanum.

Starfsmenn Sjónarhóls ná mjög vel saman, virkilega góð samvinna og almenn ánægja.



Umbótaþættir Sjónarhóll	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
<b>Hvað þarf að bæta?</b>	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmu m við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð? Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
<b>Skráningar á námi barna</b>	Gera þær markvissari, sýnilegri á deildum og leiðbeina starfsfólki við að gera skráninga og safna gögnum	Við veljum ákveðna þætti sem við ætlum að skrá. Starfsfólk fær leiðbeiningar Hluti skráninga verði sýnilegur á deildunum	Haust 2019 Vor 2021	Deildarstjóri Allt starfsfólk	Deildarstjóra fundir, deildarfundir skipulagsdag könnun hjá starfsfólki og börnum	Að skráningar séu reglulegar og markvissar. Þannig að þær nýttist til að gera styrkleika, áhuga og getu barnanna sýnilega
<b>Heimamenning barnanna</b>	Að heimamenning verði sýnilegri á deildunum	Virkja alla foreldra til samstarfs um heimamenningu barna þeirra	Jan 2019 Vor 2020	Deildarstjóri Allt starfsfólk	Deildarstjóra fundir, deildarfundir skipulagsdag könnun hjá starfsfólki og börnum	Markvisst sé unnið með heimamenningu yfir árið á öllum deildum
<b>Vinna markvisst að sköpun og áhersla verði lögð á ferlið frekar en afurðir</b>	Setja upp áætlun hvernig við ætlum að vinna með sköpun. Áhersla lögð á að börnin hafi áhrif á ferlið í sköpuninni í samtarfi með starfsmönnum.	Í rólegu umhverfi og gefa sér tíma.	Haust 2019- vor 2020	Deildarstjóri ber ábyrgð að þetta fari markvisst fram samkvæmt áætlun og allir starfsmenn taki virkan þátt í að móta það.	Með skráningu og að því verði fylgt eftir á deildarfundum.	Skráning fari fram á gæðamati til þess að athuga hversu vel tókst til og hvað má bæta.



### 3. Ytra mat

Ytra mat leikskólans byggir á skýrslu um Ytra mat frá árinu 2018, Starfsmannakönnun frá byrjun árs 2019 og foreldrakönnun Reykjavíkurborgar frá vormánuðum 2019. Niðurstöður þessara athugana eru nýttar til að ákveða þá áhersluþætti sem vinna á með næsta vetur. Þessar skýrslur hafa mikil áhrif á hvaða þættir verða fyrir valinu hverju sinni þegar gera á starfsáætlun og umbótaráætlun.

Ytra mat leikskólans var unnið í júní 2018 og eru niðurstöður þeirrar vinnu nýttar til að leggja áherslu á það sem bæta þarf í starfinu næsta árið. Þeir þættir sem m.a. var bent á að þyrfti að laga voru að gera einkunnarorð leikskólans sýnilegri. Sú vinna er þegar hafin eins og áður sagði og ætlum við að halda áfram að vinna með einkunnarorðin *Hreyfing – Gleði – Vinátta* en þau tengjast öll vel inn í þá vinnu sem fer fram varðandi menntastefnuna næsta vetur. Einnig kom fram í ytra matinu að bæta þyrfti upplýsingar á heimasíðu og skólanámskrá þyrfti að uppfæra. Í þessa vinnu verður farið markvisst á næstu misserum til að gera starfs leikskólans faglegra og sýnilegra fyrir þá sem vilja skoða leikskólann en heimasíða leikskólans er að mörgu leiti andilt leikskólans út á við.



Í skýrslunni kemur fram mikilvægi þess að starfsfólk fái samningsbundinn undirbúningstíma og er sú vinna nánast tilbúin fyrir næsta vetur. Þá er undirbúningstími starfsmanna festur niður á tíma og gert ráð fyrir starfsmanni til afleysingar á þeim tíma inni á deild. Þetta er starfsfólk spennt fyrir og festum við einnig niður fundartíma stjórnenda (stjórnendur, deildarstjórar og sérkennslustjóri) sem og deildarfundi hvernar deildar. Leikskólastjóri hefur unnið Árshjól Stakkaborgar (sjá fylgiskjal 5) en þar koma fram fundardagar deilda sem og uppbrotsdagar og vikur leikskólans.

Ferlar ef grunur vaknar um frávík hjá barni verða unnir næsta vetur en það mun verða verkefni stjórnenda og sérkennslustjóra að koma þeim verkferlum í skólanámskrá.

Menntastefna Reykjavíkurborgar er svo liður í gerð nýrrar skólanámskrár og fer sú vinna fram yfir næsta vetur. Með gerð skólanámskrár verða Gátlistar menntastefnunnar nýttir en þeir eru til þess



fallnir að kortleggja hvernig námsþættir menntastefnunnar birtast í starfsemi leikskólans. Mat á þessum þáttum fer fram næsta vetur með Gátlistum menntastefnunnar og verður það mat framkvæmt tvisvar til þrisvar yfir veturinn. Þættirnir Sköpun og Félagsfærni verða metnir 3 sinnum en matslistinn nýttur tvisvar í hinum þáttum menntastefnunnar, í upphafi skólaárs, eftir áramót og undir lok skólaárs. Er það gert til að finna út enn frekar hvaða þætti þarf að bæta varðandi menntastefnuna innan leikskólans og þróa þá skólanámskrá leikskólans út frá þessu, með áherslu á þá þætti sem þarf að bæta.

Starfsmannakönnun fór fram í upphafi árs 2019 eða 25. janúar til 15. febrúar. Þátttaka var dræm, en einungis tóku um 50% starfsmanna leikskólans þátt í könnuninni. Hluti starfsmanna hafði orðið fyrir áreiti en þessar niðurstöður koma nýjum leikskólastjóra á óvart þar sem upplifun hans er sú að starfsmannahópurinn er samheldinn og jákvæður í garð hvers annars. Þessar niðurstöður þarf að skoða vel og vinna með ef reyndin er þessi. Jafnframt kom fram að einelti hefði átt sér stað innan vinnustaðarins og að sama skapi koma þessar niðurstöður á óvart. Þetta ýtir undir enn frekar hjá nýjum leikskólastjóra að vinna vel að því að skapa jákvæða vinnustaðamenningu þar sem baktal og leiðindi gagnvart samstarfsfólki er ekki í boði. Með nýjum leikskólastjóra var ráðist í það að skipta út húsgögnum á kaffistofu leikskólans og hefur það haft jákvæð áhrif á starfsmenn sem eru nú með betri aðstöðu til að eiga þægilega stund í kaffihléi. Þar hafa umræður og hlátur verið alls ráðandi og vonast nýr leikskólastjóri til þess að samskipti innan leikskólans séu þá að breytast til hins betra. Stefnt er að því að ræða líðan starfsmanna opinskátt á starfsmannafundum vetarins, þar sem starfsmenn geti nýtt tækifærið til að segja frá því sem er að valda álagi, streitu eða vanlíðan í starfi. Leikskólastjóri hefur einnig hvatt starfsmenn til að leita til sín með þau málefni sem valda vanlíðan í starfi.

Viðhorfskönnun foreldra fór fram 21.mars til 8.maí en 70% foreldra tóku þátt í könnuninni. En leikskólinn kom vel út hvað varðaði líðan barna í leikskólanum, öryggi, andrúmsloft og stjórnun hans. Sá þáttur sem kom illa út var hvað varðaði foreldra og samstarf þeirra og leikskólans. Þar mældust þrjár spurningar lægri en heildin hjá Reykjavíkurborg. Þetta voru fullyrðingarnar að:

- Ábendingum mínum er vel tekið.
- Ég get fengið ráð um uppeldi, heilsu, samskipti eða annað sem snertir barnið mitt í leikskólanum.
- Leikskólinn leitar til mín eftir tillögum og hugmyndum.

Til að bregðast við þessu er stefnt að því að bæta enn frekar samskipti milli leikskólans og foreldra. Nýr leikskólastjóri telur samvinnu við foreldra mikilvægan hlekk í öllu starfi leikskólans og því verða foreldrar hvattir til þess næsta vetur að mæta á fund foreldrafélagsins sem og fá örar upplýsingar heim um það sem er að gerast innan leikskólans. Foreldrar verða hvattir til að hafa samband við stjórnendur



ef þeir telja eitthvað ábótavant innan leikskólans. Einn liður í því að hvetja foreldra til að mæta á fund foreldrafélagsins er að gera könnun á hvaða tími henti sem flestum til að halda fundinn og munu stjórnendur senda út könnun á því áður en til fundarins verður boðað.

Leikskóladagatal var ákveðið og unnið í samvinnu með Háteigsskóla en stjórnendur leikskólans, sérkennslustjóri og deildarstjórar unnu það. Leitað verður til foreldraráðs til að fá ábendingar um hvað má bæta þar inn og hvort þau séu samþykkt því. Tekin var sú ákvörðun að ákveða strax í upphafi 4 vikna sumarlokun til að auðvelda foreldrum að ráðstafa sínu fríi í tengslum við sumarlokun, er þetta gert til að koma til móts við aukna upplýsingaöflun til foreldra.



### 3.1 Umbótaráætlun næsta skólaárs:

Unnið verður með margþætta umbótaáætlun sem gerð byrjað var á 2019 en hér koma helstu 6 þættirnir sem starfshópurinn leggur upp með fyrir næsta vetur.

Umbóta þættir Ytra mat	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma áætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
<b>Hvað þarf að bæta?</b>	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð? Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
<b>Samvinna við foreldra</b>	Auka samskipti milli leikskólans og foreldra.	Með aukinni upplýsingagjöf. T.d. tilbúinn bæklingur fyrir aðlögun, bækningur deilda – dreift á foreldrafundi. Stefnum að gerð jólabæklings þar sem fram koma viðburðir ofl.	2019-2020	Leikskólastjórar og deildarstjórarnir.	Foreldrakönnun næsta árs, bera saman niðurstöður.	Sjá hvort aukning verði í þátttöku í foreldrakönnun, sjá hvort að þættir í könnuninni hækki.
<b>Heimasíða leikskólans</b>	Gera heimasíðuna virkari og aðgengilegri	Laga útlit og koma henni í meiri notkun meðal foreldra	2019-2020	Leikskólastjórar	Síðan verði andlit leikskólans út á við. Þar geti fólk fræðst um leikskólann og hægt að vekja athygli þar á starfi leikskólans.	Fá meiri umferð um síðuna.





